

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hringa vetrurinn

Nú er sumrinu lokið hjá okkur í Hring og haustið tekið við með öllum sínum dásamlegu veðrum og vindum. Spennandi haust og vetur eru nú samt framundan hjá okkur í Æskulýðsnefndinni og þónokkrar breytingar koma til með að vera á kennslu hjá okkur í vetur þar sem kennarinn ætlar sjálfur að setjast á skólabekk. En nýjir og færir kennarar taka vonandi við þessum ört vaxandi hóp sem við orðið eigum hjá Hring. Margt var brasað síðasta haust og síðasta vetur og vor og komum við nánar inná það síðar .

Skýrsla vetrurinn 2011-12

Í Nóvember 2011 hitti Æskulýðsnefnd krakkana og var horft á mynd og allir fengu gos og pizzu. Það hefur einhvernvegin alltaf komið vetrinum af stað að hittast og eiga góða kvöldstund saman.

Í Desember 2011 hittumst við aftur og héldum hið árlega jólabingó nefndarinnar. Troðfullur salur af fólki var þetta kvöld og ótrúlega margir flottir vinningar í boði. Nefndin bauð uppá heitt kakó og komu krakkarnir og fjölskyldur þeirra með allt bakkelsi með sér og lögðu í púkk. Það var skemmtileg hugmynd og gott að fá nýbakað brauð og kökur úr öllum áttum ☺

Í janúar hófst kennsla vetrarins. Kennari var Guðrún Rut Hreiðarsdóttir eins og fyrri ár og var fyrsti kennslutíminn eins og alltaf að bera á og þrifa öll reiðtygin.

Krökkunum er þar kennt hvernig á að hugsa um og umgangast reiðtygin sín svo að þau endist sem lengst. Þetta er mjög nauðsynlegur þáttur í allri reiðkennslu finnst okkur, enda heyrir maður krakkana minna foreldra sína á þetta líka sem er bara frábært.

Kennslan hófst fyrir alvöru í lok janúar og var kennt í allan vetur 2 -3 helgar í mánuði.

Kennslan gekk vel og voru tæplega 30 börn í skipulagðri kennslu allan síðasta vetur. Kennslan er að stæðstum hluta námsefni tekið úr knapamerkjunum þannig að þau börn sem halda áfram lengra með sína hestamennsku eru reglulega vel undirbúin til að takast á við Knapamerkjanámskeiðin sem einnig er boðið uppá hjá Hring á hverju ári.

Nokkur börn og unglingar voru samhliða barna og unglingastarfinu á Knapamerkjanámskeiði ýmist 1-4 stigi og stóðu þau sig mjög vel og náðu allir prófum þar með glans. Þar var kennari Arndís Björk Brynjólfsdóttir reiðkennari.

Á haustfundi árið 2011 voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann Hrings, erum við stolt af því að segja að það var Anna Kristín Friðriksdóttir sem hlaut þau verðlaun. Er hún búin að standa sig ótrúlega vel hvar sem hún hefur komið fram með hestana sína. Hún hefur verið félaginu til sóma í hvívetna. Þarna eigum við framtíðarknapa sem á eflaust eftir að standa sig enn betur í framtíðinni.

Hvatningaverðlaun Hrings í ár hlaut Þorri Mar Þórisson, þótti hann vera búinn að sýna mikinn dugnað og frumkvæði í sinni hestamennsku á árinu 2011. Þessi verðlaun eru veitt því barni eða unglingi sem þykir hafa skarað frammúr í sinni hestamennsku hvað varðar dugnað, ástundun og framfarir í reiðmennsku.

Einnig voru veitt verðlaun fyrir dugnaðarfork Æskulýðsnefndar Hrings og var það Amalía Nanna Júlíusdóttir sem hlaut þessi verðlaun. Þessi verðlaun eru veitt því barni sem þykir standa sig einkar vel í öllu sem viðkemur hestinum, bæði vinnu í kringum hann og að sinna hestinum og sinni hestamennsku ákaflega vel.

Tvö mót voru haldin í vetur fyrir krakkana og voru þau mjög skemmtileg, keppt var í tölti og þrígangi í unglingaflokki. Þrígangi í barnaflokki og síðan var keppt í þrautabraut fyrir alla aldurshópa. Fyrri mótið var haldið inni á aðstöðunni okkar og seinna mótið þegar vor var í lofti og völlurinn okkar orðinn góður. Þessi mót verða ábyggilega árleg hér eftir því að þau eru frábær hvatning fyrir stóra sem smáa. Allt gekk algerlega áfallalaust fyrir sig og stóðu sig allir með stakri þrýði.

Annað mótið hitti á páskana og fengu allir páskaegg sem mættu á svæðið. Farið var í hjólbörurkapphlaup, boðhlaup og ýmislegt fleira í reiðskálanum okkar.

Æskulýðsnefnd bauð síðan öllum í kaffi eftir bæði mótin, var boðið uppá kakó, kaffi og vöffur fyrir alla eins og þeir gátu í sig látið. Ekki slæmt það.

Æfingar fyrir Æskan og hesturinn á Akureyri stóðu yfir í apríl og maí í stað hefðbundinnar kennslu, frábærir krakkar stóðu sig vel og sönnuðu það að þau geta allt sem þau vilja. Margar klukkustundir fóru í æfingar. Enda gekk allt upp þegar á hólminn var komið.

Æskan og hesturinn var síðan á sínum stað í Maí og fórum við á Akureyri með 3 tilbúin atriði. Svarfdælskan mars, Jonny be good og Hringleikahúsið.

Atriðin gengu mjög vel og var þetta góður dagur fyrir alla. Frábær grillveisla var síðan haldin eftir sýningu sem var bara ein að þessu sinni.

Kennsla hélt síðan áfram með nokkuð hefðbundnu sniði. Þó var mikið farið í reiðtúra með hópana sem gekk ótrúlega vel.

Bætt var við kennslu fyrir Gæðingamót Hrings sem Bergþóra Sigtryggsdóttir tók að sér. Hún fylgdi síðan þeim sem komust inná Lansmót suður yfir heiðar og sá um æfingar á mótsstað. Frábært að hafa aðgang að svona kennara.

Frábærum vetri lauk svo með úrtöku fyrir landsmót á Gæðingamóti Hrings. Þar komust 6 börn, unglinar og ungmenni á mót og voru það 5 sem fóru suður í Víðidalinn og tóku þátt. Frábær aðstaða bæði fyrir menn og skepnur var á landsmótssvæðinu og skemmtu allir sér hið besta. Takk fyrir okkur Fáksmenn ☺

Í Júlí var farið í frábæra fjölskylduferð í Stekkjarhús, Stekkjarhús er skáli sem er gangnamanna skáli í afrétt Skíðadals. Ákveðið var að ríða fyrsta daginn frá Hringsholti í Tungurétt. Þar voru hestarnir okkar skildir eftir í haga og allir fóru heim til sína að sofa. Um kaffileitið daginn eftir var síðan lagt af stað aftur í Stekkjarhús. Ferðin gekk vel og voru sólskinsbros á öllum andlitum þegar komið var á áfangastað. Í skálanum gistum við svo í eina nótt og skemmtum okkur og grilluðum saman á laugardags kvöldinu. Morguninn eftir borðuðum við öll saman morgunverð og fórum svo að huga að heimferð. Við riðum í rólegheitum alla leið í Hringsholt og tók ferðin rúmlega 4 klukkustundir. Allir komu heilir heim og enginn datt af baki, það voru þreytt og sæl börn sem kvöddu okkur seinnipart sunnudags. Það var ekki spurt hvort að við myndum fara aftur að ári, heldur var sagt: „þegar við förum á næsta ári getum við þá verið lengur!

Já þetta var sko frábær ferð og fórum við rúmlega 30 menn, konur og börn með um 40 hross. Svona væri ekki hægt að framkvæma nema félagsandinn væri með okkur eins og hann svo sannarlega er.

Frábært ár hjá okkur í Æskulýðsnefnd Hrings.

Fyrir hönd Æskulýðsnefnd Hrings.

Guðrún Rut Hreiðarsdóttir formaður Æskulýðsnefndar.

